

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1053 Fiskeldið Haukamýri ehf (IS-36080) Haukamýragil	Haukamýragil 640 Húsavík	Pétur Bergmann Árnason Framkvæmdarstjóri Kristján Friðrik Sigurðarsson Eldisstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	10.9.2019	17.9.2019	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 6 skoðunatriða af 6. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

17.12.2019

Alvarleg frávik

Frávik

3.2.1 Eldisbúnaður

3.3.1 Slysasleppingar

Aðrar athugasemdir

Rúnar Ingi Tryggvason, starfsmaður MAST var einnig viðstaddur

Gengið var um stöðina, athugað með búnaðinn og í hvernig ásigkomulagi hann væri. Í ljós kom að fuglanet þyrftu lagfæringar og að ekki væri seinni vörn í frárennsli út í sjó. Einnig var ekki viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar né búnaður til að endurheimta fisk ef strok ætti sér stað.

Frestur á úrbótum við athugasemdum er veittur til 17.12.2019

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Fiskeldið Haukamýri ehf (IS-36080) Haukamýragil
Haukamýragil
640 Húsavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 6607061190

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi
Frumframleiðsla - þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Pétur Bergmann Árnason	8487090	petur@haukamyri.is	Framkvæmdarstjóri
Kristján Friðrik Sigurðsson	8617644	fiskeldid@haukamyri.is	Eldisstjóri

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður

Sett inn: 10.09.2019

Frávik

1. Fuglanet þarf að laga á ýmsum stöðum. (sjá mynd 3), fiskur getur fest sig í neti og dáið ásamt því að það er greiðari leið fyrir fugla að fisknum. Einnig fundust 2 dauðir fuglar í einu kerinu sem voru fjarlægðir á staðnum

2. Engin búnaður í frárennsli stöðvarinnar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskeldisstöðvar á landi eiga að vera útbúnar búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Ef fiskur sleppur úr eldisstöð þarf búnaðurinn að vera þess eðlis að geta fangað fiskinn og komið í veg fyrir að hann komist lengra upp í vatnssvæði í kringum stöðina.

3. Viðhald á og í kringum eldishluta rekstrarleyfishafa er ekki skráð

4. Ekki gengið rétt frá dauðfisk þegar hann var fjarlægður úr eldiseiningu, lagðir á bakka en ekki í þar til gert ílát (fata, kar). (mynd 1 og mynd 2)

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



3.3 - Slysleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Slysleppingar

Sett inn: 10.09.2019

Frávik

1. Vantar viðbragðsáætlun vegna slysleppingar. Viðbragðsáætlun þarf að kynna fyrir öllum starfsmönnum eldisins.

Skv. 37. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi skal leyfishafi sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysleppinga sé staðsett á starfsstöð og kynna starfsmönnum hana

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/19913>

2. Engin búnaður til staðar til að endurheimta fisk.

Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda búnaði til að endurheimta fisk ef grunur er um að fiskur hafi strokið.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.1.1 Dagbókarfærslur

6.1.1 Mat á úrbótum

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.